

Ed.

474. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Nd. hefir gert nokkrar breytingar á frv. síðan það fór frá þessari háttv. deild, en flestar lítilsverðar, svo að litlu eða engu máli skiftir, þótt þær hafi komist inn í frumvarpið.

Eina breytingu hefir þó Nd. gert, sem meiri hluti þessarar háttv. deildar verður væntanlega að telja órjettláta og spilla mjög máli þessu, þar sem hún hefir alveg felt niður skyldu kvenna til að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Meiri hluti nefndarinnar ræður þó háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, en minni hlutinn vill samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó óskytt að taka við kjöri til hennar fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

Alþingi, 30. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr.

Guðmundur Ólafsson,
frsm.